

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR ehf Hvalfjörður



Dags eftirlits	13.10.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	GMR ehf	Fulltrúi UST	Hrönn G. Guðmundsdóttir
Heimili	Tangavegi 7	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5406101930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Thorlacius	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Ágústsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram fjögur ný frávik þar sem að uppfæra þarf öryggisblöð, vöktunaráætlun liggur ekki fyrir og PCDD/PCDF er yfir mörkum í útblæstri frá ofni og frágangur á lóð er ófullnægjandi. Auk þess eru 5 eldri frávik í eftirfylgni hjá stofnuninni.

- Frávik er varðar ófullnægjandi afsogsvirkni í vinnslusal. Ákvörðun um frestun álagningar dagsekta var tilkynnt rekstraraðila í bréfi frá 25. september sl. og honum veittur frestur til 7. desember 2015 til að skila staðfestingu á gerðum úrbótum.
- Frávik er varðar ráðstöfun framleiðsluúrgangs þar sem að honum hefur ekki verið fundinn viðunandi farvegur og safnast því upp á lóð. Frestur til að koma framleiðsluúrgangi í löglegan farveg er til 20. janúar 2016 (sbr. bréf frá 21.10.2015).
- Frávik er varðar hávaða. Frestur til að skila niðurstöðum nýrra hljóðmælinga eftir úrbætur er til 20. janúar 2016 (sbr. bréf frá 21.10.2015).
- Frávik er varðar hráefni á lóð sem ekki hentar til vinnslu. Rekstraraðili vinnur samkvæmt samþykktu úrbótaáætlun en í henni er gefinn frestur til að ljúka við að flokka frá efni sem ekki hentar til vinnslu og koma vinnanlegu hráefni í hráfnisgeymslu til 20. janúar 2016 (sbr. bréf frá 21.10.2015).
- Frávik er varðar útblástursmælingar. Niðurstöður úr mælingum úr reykháfi frá ofni lá fyrir þegar eftirlitið fór fram en útblástursmælingar frá ofni bárust í tölvupósti 3.nóvember.

Þrjár athugasemdir eru gerðar við starfsemina varðandi eftirlit með reykhreinsivirkjum, uppfærslu mæliáætlunar og vegna þess að útstreymisbókhaldi var skilað of seint.

Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist stofnuninni frá síðasta eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir skráningar samkvæmt grein 3.2 í starfsleyfi. Haldið er utanum skráningarnar í rekstrarhandbók. Viðhald og eftirlit með mengunarvarnarbúnaði er skráð í möppuna en skoðun á reykhreinsivirki fer fram vikulega. Auk þess er hægt að fylgjast með hitastigi og þrýstifalli í reykhreinsivirki á skjá í stjórnherbergi verksmiðjunnar. Ólúgildra var tæmd í vor og fylgst með henni á 3-4 mánaða fresti. Kvittanir fyrir móttöku úrgangs og spilliefna eru í rekstrarhandbók. Öryggisblöð um hráefni eru til staðar í rekstrarhandbók en eru á ensku.

Skýrsla um útblástursmælingar í reykháfi frá vinnslusal var afhent í eftirlitinu en niðurstöður úr mælingum úr reykháfi frá ofni voru sendar í tölvupósti 3.nóvember sl.

Farið var yfir móttöku hráefna. Búið er að fjárfesta í pressu en til að koma hráefni á lóð inn í hráfnisgeymslu hyggst rekstraraðili flokka efni sem ekki hentar til vinnslunnar frá og pressa hráefnið svo í bagga. Enn eru um 2500 tonn af hráefni á lóð við GMR. Straumteinar sem verksmiðjan tekur við eru að hluta til með kopar inn í svo brjóta þarf bitann frá áður en efnið er sett í vinnslu í ofninum. Að sögn rekstraraðila er verið að hanna tæki til að brjóta koparinn frá bitunum í Þýskalandi. um 800 tonn af straumteinum af þessari gerð eru í verksmiðjunni og þeir geymdir í vinnslusalnum og í lokuðum gámum.

Rekstraraðili hefur sent Umhverfisstofnun tillögu að endurbótum á vinnslusal til að auka afsogsvirkni reykhreinsivirkis. Rekstraraðili hyggst hólfa ofnasvæðið betur af til að auka loftskipti í verksmiðjunni. Framkvæmdir við endurbæturnar eru á byrjunarstigi og stefnt að því að þeim verði lokið í byrjun desember.

Úrbótum vegna hávaða er lokið og gert er ráð fyrir að hávaðamælingar verði gerðar í desember

til að sannreyna að úrbæturnar séu fullnægjandi. Úrbæturnar fólust í að blásarar og mótórar við reykhreinsivirki voru hjóðeinangraðir.

Þá var farið yfir úrgangsmál. Niðurstöður úr efnagreiningum til að skera úr um hvaða efni flokkast sem almennur úrgangur og hvað flokkast sem spilliefni liggja fyrir. Rekstraraðili hefur áhuga á að fá leyfi til að afhenda Sorpu í Álfsnesi úrganginn til urðunar en í upphafi var gert ráð fyrir að úrgangurinn yrði fluttur úr landi. Síuryk frá reykhreinsivirki er spilliefni og er rekstraraðili að vinna að útflutningsleyfi til að flytja það út til endurvinnsluaðila í Noregi.

Útstreymisbókhaldi (núllskýrslu) var skilað til stofnunarinnar 14. september sl. Minnt var á að rekstraraðili skal skila upplýsingum um útstreymisbókhald árlega fyrir 1. maí.

Spurt var út í viðhald á vatnshreinsivirki, en kælivatn í verksmiðjunni er endurnýtt og leitt í gegnum sandsíu. Ekki hefur komið til þess að skipta þurfi út sandinum í vatnshreinsivirkinu til þessa.

Rekstraraðili hefur gert samning við iðjuverin á Grundartanga um þátttöku í umhverfisvöktun á Grundartanga. Endurskoða þarf núverandi umhverfisvöktunaráætlun iðjuveranna. Áætlunin skal ná yfir allar vöktunarmælingarnar vegna starfsemi fyrirtækjanna sem taka þátt í vöktuninni.

Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Litið var á úrbætur vegna hávaða frá verksmiðjunni, hráefnisgeymsluna, vinnslusalinn og lóðina. Unnið er að malbikunarframkvæmdum og er frárennsli frá malbikuðum svæðum leitt í olúgildru. Búið er að malbika norðanmegin við verksmiðjuna. Búið er að hreinsa til í kringum reykhreinsivirki en framleiðsluúrgangur og framleiðsluvaran er geymd utandyra við verksmiðjuhúsið. Geymsla hráefna, úrgangs sem ekki hentar til vinnslu og framleiðsluúrgangs nær út fyrir lóðarmörk til suðurs og austurs. Í vinnslusal eru straumteinar utan við hráefnisgeymsluna og í hráefnisgeymslu er blandaður málmur sem einungis að hluta til hentar til vinnslu í verksmiðjunni. Framkvæmdir við skermun ofnasvæðis eru á frumstigi. Töluverð rigining var þegar eftirlitið fór fram og því aðgengi á lóðinni sunnan megin við verksmiðjuhúsið ekki gott.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) (Grein 2.13 í starfsleyfi).	Öryggisblöð efna þarf að uppfæra. Þau þurfa að vera á íslensku og staðfærð fyrir Ísland.
Grein 5.1 í starfsleyfi	Vöktunaráætlun um vöktun umhverfisþátta liggur ekki fyrir en tillögu að áætlun átti að leggja fram í síðasta lagi 1. október 2014. Rekstraraðili skal taka þátt í sameiginlegri umhverfisvöktun iðjuveranna á Grundartanga. Vöktunarmælingar í umhverfi Grundartanga eru unnar samkvæmt vöktunaráætlun iðjuveranna, Norðurál og Elkem Ísland en ekki hefur verið bætt við þeim vöktunarpáttum sem bætast við vegna starfsemi GMR Endurvinnslu.
Grein 2.2 í starfsleyfi	Lóðin er ómalbikuð að stærstum hluta og ekki girt af. Hráefni, framleiðsluúrgangur og fleira er geymt utandyra. Mengað regnvatn sem fellur á fyrrgreind efni skilar sér því óhreinsað út í jarðveginn umhverfis verksmiðjuna. Í starfsleyfinu er kveðið á um að koma skuli í veg fyrir efnaleka í jarðveg. Jafnframt er kveðið á um að óviðkomandi skuli ekki hafa aðgang að hráefna- og vörugeymslum.
Grein 2.6 í starfsleyfi	Í útblástursmælingum frá október 2015 mælist PCDD/PCDF 0,15 ng/Nm ³ sem er yfir starfsleyfismörkum (0,1 ng/Nm ³)

ATHUGASEMDIR

Bæta þarf skráningar og eftirlit með virkni reykhreinsivirkis frá ofni. Æskilegt er að fylgst sé með þrýstifalli og hitastigi í reykhreinsivirki amk í hverri ofnkeyrslu og brugðist sé við ef virkni reykhreinsivirkisins er ekki fullnægjandi.

Mæliáætlun sem rekstraraðili lagði fram árið 2013 nær til lok árs 2014. Í eftirlitinu var óskað eftir að áætlunin yrði endurskoðuð og uppfærð. Ný áætlun var send stofnuninni 26.nóvember sl.

Útstreymisbókhaldi (núllskýrslu) var skilað 14. september sl. en á að skila fyrir 1. maí ár hvert.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sent matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar um urðun almenns framleiðsluúrgangs í Sorpu í Álfsnesi og síðar flæðigryfjum á Grundartanga, þar sem að áður var gert ráð fyrir að framleiðsluúrgangur yrði allur fluttur úr landi. Ráðstöfun framleiðsluúrgangs í flæðigryfjur kallar á endurupptöku starfsleyfis.

Rekstraraðili reifaði hugmyndir um framleiðsluaukningu um 100% árið 2016. Umhverfisstofnun setur fyrirvara á slíkar áætlanir þar til bætt hefur verið úr frávikum sem fram hafa komið í eftirliti. Jafnframt hefur reynslan sýnt að núverandi stærð á vinnsluhúsnæði og lóð annar ekki framleiðslunni eins og hún er í dag. Stofnunin telur því óraunhæft að framleiðsluaukningu komi til framkvæmda fyrr en núverandi rekstur er kominn í viðunandi horf. Minnt er á ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir sem m.a. heimilar Umhverfisstofnun að takmarka starfsemi starfsleyfishafa og eða auka tíðni eftirlits ef ástæða er til.

Reykjavík, 04.11.2015



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.